

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 8. júní 2017

v / gas- og jarðgerðarstöðvar.

Samið var við danska fyrirtækið Aikan um tæknilausn vegna gas- og jarðgerðarstöðvar í desember sl. eftir langt útboðsferli. Síðan þá hefur verið unnið að hönnun og gerð útboðsgagna í samvinnu SORPU, Aikan og Mannvit. Sömu leiðis hefur verið unnið að því með Reykjavíkurborg að klára undirbúning að úthlutun lóðar í Álfsnesi fyrir stöðina. Unnið er að mati á lóðinni á vegum Reykjavíkurborgar og verður væntanlega hægt að ganga frá úthlutun að því loknu.

Upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir að bygging stöðvarinnar yrði boðin út í lok maí á þessu ári og vinna gæti hafist við byggingar í september/október. Hönnun og undirbúningur hefur hins vegar tekið lengri tíma en áætlanir gerðu ráð fyrir – kemur þar ýmislegt til.

Staðan í dag gerir ráð fyrir að hægt verði að bjóða út verkið í júlí – hins vegar er spurning hvort það er skynsamlegt í ljósi sumarleyfa og almennrar stöðu á verktakamarkaði, skynsamlegra gæti verið að bíða fram í ágúst með úboð. Miðað við slíka áætlun má gera ráð fyrir að bygging stöðvarinnar geti hafist í febrúar 2018 og byggingum verði lokið í september / nóvember sama ár. Formlegum prófunum yrði svo lokið í október 2019 þegar SORPA tæki formlega við stöðinni til rekstrar. Á prófunartímanum er stöðin í rekstri en á ábyrgð Aikan.

Gert hefur verið ráð fyrir að SORPA fjármagni verkefnið fram að verklegum framkvæmdum, sú áætlun stenst ennþá. Í ljósi þess má gera ráð fyrir að þörf sé ytri fjármögnunar í byrjun ársins 2018. Rétt er því að hefja undirbúning fjármögnunar strax að loknum sumarleyfum.

Virðingarfyllt,



Björn H. Halldórsson
framkvæmdastjóri